

Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 16.8.2024
UST202401-289/K.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. júlí 2024 - Reykjagarður - Ásmundarstöðum, ID 395

Þann 5. júlí 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Reykjagarð að Ásmundarstöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þegar eftirlitið fór fram var útistandandi eitt eldra frávik. Rekstraraðili skilaði gögnum í samræmi við samþykka úrbótaáætlun og því **frávik lokað**. Einnig voru tvær ábendingar sem ekki er búið að bæta úr er varða að yfirfara þurfi skráningar og árekstrarvarnir.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Rekstraraðila var bent á að skoða hvort afgangið á neyslugeyminum sé útbúin útsláttarbúnaði sbr. 41. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Rekstraraðila var bent á að koma áfyllingarlöngu neyslugeymisins fyrir á þann hátt að hún verði ekki fyrir skaða.

Þrjú frávik komu fram er varða:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmið voru í gildi til 2023. Engin umhverfismarkmið hafa verið sett eftir það. Umhverfismarkmið voru send til stofnunarinnar 16. ágúst 2024. **Frávik lokað.**
- Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem taldir eru upp í gr. 4.1 í starfsleyfinu og skulu vera aðgengilegir eftirlitsaðila. Ekki allir þættirnir eru skráðir.
- Kröfum í reglugerð nr. 99/2008 um útstreymisbókhald. Fullnægjandi útstreymisbókhald var ekki skilað fyrir tilskilinn tíma vegna ársins 2023. Viðbótargögnum var skilað þann 16. ágúst 2024. **Frávik lokað.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. september 2024.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur